

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitugjald í Garðabæ.

#### 1. gr.

Af öllum húseignum í Garðabæ skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 15. gr. samþykktar um fráveitu í Garðabæ.

#### 2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,10% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 3. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 4. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulitilla elli- og örorkulífeyrisþega.

#### 5. gr.

Í þeim tilvikum sem Garðabær nýtir heimild samkvæmt 14. gr. samþykpta um fráveitu sveitarfélagsins til að innheimta stofngjald skal það nema kr. 225.000. Gjaldið skal breytast í janúar ár hvert m.v. byggingarvísitölu og skal grunnvísitala vera byggingarvísitala í desember 2017, 136,1 stig.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Garðabæjar þann 6. desember 2018, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005, staðfestist hér með skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2019. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu nr. 1205/2017.

*Garðabæ, 6. desember 2018.*

**Guðjón Erling Friðriksson** bæjarritari.